

Ársreikningur
Ísafjarðarbæjar

2018



Ísafjarðarbær

Ársreikningur

2018

Ísafjarðarbær

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Rekstraryfirlit ársins	30

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ísafjarðarbæjar á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur fyrir sveitarfélög.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ísafjarðarbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Ísafjarðarbæjar. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausti áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 2. maí 2019.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.


Jón Þorgeir Einarsson
endurskoðandi.

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar velferðarráðuneytis um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.920 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 4.989 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 4.214 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 4.208 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðahúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis, lögbundið er 0,5% og 1,32% en sveitastjórn er heimilt að hækka álagninguna um 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 44 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 29 milljóna króna afgangi. Rekstrarafkoma A hluta var neikvæð um 14 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 21 milljóna króna halla. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.488 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 970 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana námu um 2.517 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins var 315 stöðugildi í árslok.

Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ 1. janúar 2019 var 3.800 og fjölgaði um 93 einstaklinga frá sama tíma fyrra árs.

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Ísafjörður, 11. apríl 2019



Guðmundur Gunnarsson

Bæjarstjóri

Bæjarráð:



Arna Lára Jónsdóttir



Daníel Jakobsson



Marzellius Sveinbjörnsson

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfestir hér með ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Ísafjörður, 2. maí 2019

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Rekstrarreikningur ársins 2018

Skýr.	Sveitarsjóður			A og B hluti			
	Áætlun			Áætlun			
	2018	2018	2017	2018	2018	2017	
Rekstrartekjur:							
Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs	3	2.400.733	2.426.212	2.203.842	2.400.733	2.426.212	2.203.842
Framlög úr Jöfnunarsjóði	3	890.412	854.032	811.575	890.412	854.032	811.575
Þjónustutekjur		316.608	315.300	273.167	764.276	785.059	713.747
Endurgreiðslur		507.756	546.968	477.859	540.682	606.220	510.157
Aðrar tekjur		98.521	61.666	124.809	323.406	313.028	279.147
		<u>4.214.029</u>	<u>4.208.855</u>	<u>3.891.251</u>	<u>4.919.509</u>	<u>4.989.226</u>	<u>4.512.107</u>
Rekstrargjöld:							
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(2.355.796)	(2.361.958)	(2.142.453)	(2.517.227)	(2.511.684)	(2.267.586)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	4	(129.362)	(163.375)	(275.555)	(129.362)	(163.375)	(275.555)
Annar rekstrarkostnaður		(1.151.831)	(1.166.475)	(1.094.045)	(1.417.961)	(1.456.735)	(1.320.580)
Skattar og önnur opinber gjöld		(50.417)	(51.919)	(48.692)	(83.028)	(79.197)	(79.137)
Húsaleiga		(29.419)	(21.297)	(21.888)	(39.051)	(37.592)	(25.969)
Styrkir og framlög		(243.678)	(232.060)	(261.360)	(243.678)	(232.060)	(214.551)
		<u>(3.960.501)</u>	<u>(3.997.084)</u>	<u>(3.843.993)</u>	<u>(4.430.306)</u>	<u>(4.480.644)</u>	<u>(4.183.378)</u>
Afkoma fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>253.528</u>	<u>211.771</u>	<u>47.259</u>	<u>489.203</u>	<u>508.581</u>	<u>328.729</u>
Afskriftir fastafjármuna	8	(133.852)	(133.968)	(121.450)	(215.206)	(234.656)	(199.955)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		<u>119.676</u>	<u>77.803</u>	<u>(74.191)</u>	<u>273.996</u>	<u>273.926</u>	<u>128.774</u>
Hagnaður af sölu eigna		4.590	0	4.305	4.705	0	10.666
Fjármunatekjur	5	31.847	34.496	41.093	91.359	30.016	87.323
Fjármagnsgjöld	6	(170.334)	(133.260)	(110.418)	(326.189)	(275.025)	(229.113)
		<u>(133.897)</u>	<u>(98.763)</u>	<u>(65.020)</u>	<u>(230.125)</u>	<u>(245.009)</u>	<u>(131.124)</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>(14.221)</u>	<u>(20.960)</u>	<u>(139.210)</u>	<u>43.871</u>	<u>28.916</u>	<u>(2.350)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eignir					
Fastafjármunir					
Lóðir og lendumur	8	1.447.395	1.297.149	1.447.395	1.297.149
Fasteignir	8	1.726.811	1.644.782	2.886.425	2.821.773
Veitukerfi	8	0	0	475.124	492.537
Hafnarmannvirki	8	0	0	563.493	528.394
Gatnakerfi	8	990.721	742.744	990.721	742.744
Áhöld og tæki	8	172.606	181.782	204.988	211.014
Eignarhlutir í félögum	9	592.261	584.207	464.689	456.636
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B	10	30.460	56.546	0	0
Aðrar langtímakröfur	10	5.287	5.599	784.871	762.723
Fyrirframgreiddur kostnaður	17	374.707	0	374.707	0
		<u>5.340.247</u>	<u>4.512.809</u>	<u>8.192.412</u>	<u>7.312.969</u>
Veltufjármunir					
Íbúðir í byggingu	11	113.505	13.612	113.505	13.612
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	11	369.155	324.943	414.010	370.008
Aðrar skammtímakröfur	11	61.786	116.636	65.628	111.216
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		172.942	87.375	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna á eigin fyrirtæki	10	27.925	25.930	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	10	564	546	39.404	37.732
Næsta árs afb. fyrirframgreiddur kostnaður	17	14.397	0	14.397	0
Handbært fé	11	136.794	49.181	141.950	66.986
		<u>897.068</u>	<u>618.223</u>	<u>788.893</u>	<u>599.554</u>
Eignir		<u>6.237.315</u>	<u>5.131.033</u>	<u>8.981.305</u>	<u>7.912.523</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	12				
Eigið fé		969.920	876.715	1.487.740	1.354.121
		<u>969.920</u>	<u>876.715</u>	<u>1.487.740</u>	<u>1.354.121</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	1.573.718	1.528.547	1.573.718	1.528.547
Langtímalán	14	2.428.900	1.519.550	5.001.571	4.105.982
Leiguskuldir	16	24.514	25.199	24.514	25.199
		<u>4.027.131</u>	<u>3.073.296</u>	<u>6.599.803</u>	<u>5.659.728</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	15	268.483	434.036	268.483	438.455
Næsta árs afb. - lífeyrisskuldbindinga	13	65.715	60.043	65.715	60.043
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	241.964	171.721	339.824	264.663
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	1.713	1.602	1.713	1.602
Skuldir við eigin fyrirtæki B		474.266	391.284	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	188.123	122.337	218.028	133.912
		<u>1.240.264</u>	<u>1.181.022</u>	<u>893.763</u>	<u>898.674</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>5.267.395</u>	<u>4.254.318</u>	<u>7.493.566</u>	<u>6.558.403</u>
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar		<u>6.237.315</u>	<u>5.131.033</u>	<u>8.981.305</u>	<u>7.912.523</u>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsr.	20				

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
	2018	Áætlun 2018	2017	2018	Áætlun 2018	2017
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	(14.221)	(20.960)	(139.210)	43.871	28.916	(2.350)
Afskriftir	8 133.852	133.968	121.450	215.206	234.626	199.955
Söluhagnaður fastafjármuna	(4.590)	0	(4.305)	(4.705)	0	(4.305)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	7.612	0	3.740	10.612	0	5.677
Sölutap hlutabréfa	6.946	0	0	6.946	0	0
Breytingar á langtímakröfum	15 14.397	0	0	14.397	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	13 129.362	88.975	275.555	129.362	88.975	275.555
Verðbætur og gengismunur af langtímakröfum	9 (188)	0	(108)	(62.536)	0	(49.218)
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum	75.735	37.141	31.347	161.090	110.499	77.601
Veltufé frá rekstri	348.904	239.124	288.468	514.243	463.016	502.916
Aðrar rekstartengdar eignir lækkun	11 (155.772)	0	(59.741)	(162.245)	0	(68.978)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	13 (78.519)	0	(215.604)	(78.519)	0	(215.604)
Rekstartengdar skuldir hækkun	15 (99.741)	(150.855)	240.730	(97.659)	(150.855)	242.587
Handbært fé frá rekstri	14.872	88.269	253.854	175.820	312.161	460.920
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	8 (520.060)	(599.540)	(357.109)	(583.423)	(730.000)	(461.985)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	24	0	0	8.637	0	0
Langtímakröfur, breyting	(403.018)	(373.217)	540	(364.784)	(411.348)	37.305
Keyptir/seldir eignarhlutar í öðrum félögum	(15.000)	0	(31.100)	(15.000)	0	(31.100)
	(938.054)	(972.757)	(387.668)	(954.570)	(1.141.348)	(455.779)
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	1.123.878	1.123.000	0	1.123.878	1.123.000	0
Afborganir langtímaskulda	(191.845)	(206.023)	(213.975)	(286.043)	(299.599)	(304.189)
Viðskiptastaða við Aðalsjóð, breyting	80.385	(40.891)	36.518	485	0	0
Afborgun leiguskuldbindinga	(1.624)	0	(1.495)	(1.624)	0	(1.495)
	1.010.795	876.086	(178.952)	836.696	823.401	(305.684)
Hækkun handbærs fjárs	87.613	(8.402)	(312.766)	57.946	(5.786)	(300.543)
Handbært fé í upphafi árs	49.181	34.520	361.948	84.003	57.118	367.529
Handbært fé í lok árs	136.794	26.117	49.181	141.950	51.332	66.986

Skýringar

1. Starfsemi

Ísafjarðarbær er sveitarfélag á Vestfjörðum og voru íbúar 3800 í árslok 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnarstræti 1.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáætlun- og starfsemi sveitarfélagsins í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignarsjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveitan, Þjónustuiðbúðir, Eyri, Fasteignir Ísafjarðarbæjar, Fráveita, Funi og Bygðasafn Vestfjarða.

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignarsjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Hafnarsjóður, Vatnsveitu, Þjónustuiðbúða, Eyri, Fasteigna Ísafjarðarbæjar, Fráveitu og Funa. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2018	2017	31.12.2018	31.12.2017
Evra (EUR)	127,73	120,54	132,80	125,40
Bandaríkjadalur (USD)	108,38	106,78	116,00	113,15
Sterlingspund (GBP)	147,91	137,45	147,91	138,21

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 90 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	25-30 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 8 ár

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Bygðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í bygðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Bygðasamlög flokkast sem B hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspeglar framlög til bygðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningurinn er gerður.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Samkvæmt samningi sem gerður var við ríkið í nóvember 2011 um byggingu hjúkrunarheimilis annaðist sveitarfélagið framkvæmdir við byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis á Eyri. Veitarfélagið fjármagnaði framkvæmdir við bygginguna en samningsaðilar gerðu samning um rekstur heimilisins og mun ríkið leigja húsnæðið af Ísafjarðarbæ til nota fyrir hjúkrunarheimilið. Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði vegna 85% hluta kostnaðar við byggingu hjúkrunarheimilisins verður greiddur með leigu til 40 ára og hófust leigugreiðslur þegar húsnæðið var tekið í notkun í ágúst 2015.

Í mars 2018 gaf reikningsskilaráð út álit á reikningshaldslegri meðferð á leigusamningum um hjúkrunarheimili milli ríkisins og sveitarfélaga í reikningsskilum sveitarfélaga. Álit reikningsskilaráðs gerir ráð fyrir breytingum á þeirri aðferðarfræði sem reikningsskila- og upplýsinganefnd gaf út á árinu 2013 og Ísafjarðarbær hefur notast við í reikningshaldslegri meðferð á þessum samningi. Samkvæmt áliti reikningsskilaráðs er gert ráð fyrir að stofnkostnaður hjúkrunarheimila verði lækkaður um sem nemur framlagi ríkisins og í stað þess verði færð upp langtímakrafa á ríkissjóð. Ísafjarðarbær hefur breytt reikningsskilaaðferðum sínum í takt við álit reikningsskilaráðs og hefur samburðarfjárhæðum í ársreikningi verið breytt til samræmis.

	Áður birt	Breyting	Endurgert
Kostnaðarverð			
Aðrar tekjur	1.539.816	(36.765)	1.503.051
Afskriftir	(220.007)	20.053	(199.954)
Fjármunatekjur	(186.594)	49.110	(137.484)
Áhrif á rekstrarniðurstöðu	<u>1.133.215</u>	<u>32.397</u>	<u>1.165.612</u>
Efnahagsreikningur			
Fasteignir og lóðir	4.880.835	(761.913)	4.118.922
Langtímakröfur	6.145	794.310	800.455
Næsta árs afborgun langtímakrafna	(546)	(37.186)	(37.732)
Áhrif á eignir	<u>4.886.434</u>	<u>(4.789)</u>	<u>4.881.645</u>
Eigið fé	<u>1.321.723</u>	<u>32.397.378</u>	<u>33.719.101</u>
Sjóðsstreymi			
Rekstrarniðurstaða	(34.747)	32.397	(2.350)
Afskriftir	220.007	(20.053)	199.954
Verðbætur	(108)	(49.110)	(49.218)
Veltufé frá rekstri	<u>185.152</u>	<u>(36.765)</u>	<u>148.387</u>
Langtímakröfur breyting	<u>5.599</u>	<u>757.124</u>	<u>762.723</u>

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2018
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs				
Útsvör.....	2.040.480	2.064.000	2.040.480	2.064.000
Fasteignaskattur.....	296.252	297.266	296.252	297.266
Lóðarleiga.....	64.001	64.946	64.001	64.946
	<u>2.400.733</u>	<u>2.426.212</u>	<u>2.400.733</u>	<u>2.426.212</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Þjónustuframlag.....	424.049	395.678	424.049	395.678
Framlag vegna fasteignagjalda.....	268.104	266.238	268.104	266.238
Almennt grunnskólaframlag.....	177.189	172.395	177.189	172.395
Önnur framlög.....	21.070	19.720	21.070	19.720
	<u>890.412</u>	<u>854.032</u>	<u>890.412</u>	<u>854.032</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	316.608	315.300	764.276	785.059
Endurgreiðslur.....	507.756	546.968	540.682	606.220
Aðrar tekjur.....	98.521	61.666	323.406	313.028
	<u>922.884</u>	<u>928.611</u>	<u>1.628.364</u>	<u>1.708.982</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>4.214.029</u>	<u>4.208.855</u>	<u>4.919.509</u>	<u>4.989.226</u>
Álagningarhlutföll		2018	2017	
Útsvar.....		14,52%	14,52%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,625%	0,625%	
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....		1,65%	1,65%	

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2018
Laun og launatengd gjöld.....	2.355.796	2.361.958	2.517.227	2.511.684
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	129.362	163.375	129.362	163.375
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>2.485.157</u>	<u>2.525.333</u>	<u>2.646.589</u>	<u>2.675.059</u>
	<u>2018</u>	<u>2017</u>	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Meðalstöðugildi.....	292	282	315	301

Heildarfjöldi starfsmanna bæjarins var 438 í árslok 2018 en 440 í árslok 2017. Launþegar á árinu 2018 voru í allt 706.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 41,8 milljónum króna 2018 en 43,8 milljónum króna 2017.

Skýringar

5. Fjármunatekjur

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	Raun	Áætlun	Raun	Áætlun
	2018	2018	2018	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.275	5.135	3.387	5.488
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	1.791	452	64.139	452
Arður af hlutabréfaeign	16.094	15.000	16.094	15.000
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	9.612	11.817	6.664	6.984
Aðrar vaxtatekjur	1.075	2.093	1.075	2.093
	<u>31.847</u>	<u>34.496</u>	<u>91.359</u>	<u>30.016</u>

6. Fjármagnsgjöld

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	Raun	Áætlun	Raun	Áætlun
	2018	2018	2018	2018
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	160.919	132.587	316.739	274.237
Gengistap	1.433	0	1.433	0
Önnur vaxtagjöld	7.982	673	8.016	788
	<u>170.334</u>	<u>133.260</u>	<u>326.189</u>	<u>275.025</u>

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur	0	3.291.145	3.291.145	3.280.243
Velferðarsvið	791.553	531.829	(259.724)	(258.167)
Fræðslumál	1.781.551	140.009	(1.641.541)	(1.622.330)
Menningarmál	176.844	19.657	(157.188)	(184.080)
Æskulýðs- og íþróttamál	611.856	146.168	(465.688)	(466.774)
Brunamál og almannavarnir	143.369	50.384	(92.985)	(94.583)
Hreinlætismál	123.605	107.163	(16.441)	(21.826)
Skipulags- og byggingarmál	77.738	24.875	(52.863)	(53.560)
Umferðar- og samgöngumál	246.690	24.264	(222.426)	(217.375)
Umhverfismál	72.274	6.760	(65.514)	(62.988)
Atvinnumál	61.357	11.884	(49.473)	(46.838)
Framlög til B-hluta stofnana	33.972	0	(33.972)	0
Sameiginlegur kostnaður	439.239	148.903	(290.336)	(325.224)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	129.362	0	(129.362)	(163.375)
Óvenjulegir liðir	0	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	22.962	95.539	72.578	79.246
Aðalsjóður samtals	4.712.369	4.598.579	(113.790)	(157.630)
A-hluta stofnanir:				
Eignarsjóður	541.864	678.635	136.771	176.619
Þjónustumiðstöð	138.949	101.747	(37.202)	(39.949)
Innri færslur sveitarsjóðs	(1.133.085)	(1.133.085)	0	0
Sveitarsjóður samtals	4.260.098	4.245.876	(14.221)	(20.960)
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta stofnanir:				
Hafnarsjóður	235.944	301.368	65.424	105.586
Vatnsveita	51.623	95.359	43.735	33.948
Þjónustuíbúðir	83.208	83.208	0	(22.454)
Eyri	105.327	99.320	(6.007)	(41.238)
Fasteignir Ísafjarðabæjar	164.596	140.047	(24.549)	(6.813)
Fráveita	77.009	80.129	3.120	(658)
Funi	31.339	10.995	(20.344)	(21.111)
Byggðasafn Vestfjarða	50.663	47.375	(3.288)	2.616
Innri færslur, samantekinn ársreikningur	(92.810)	(92.810)	0	0
	706.899	764.991	58.092	49.877
Samantekt samtals	4.966.997	5.010.868	43.871	28.916
Framlög til B-hluta stofnanna greinast þannig:				
Þjónustuíbúðir				13.315
Byggðasafn Vestfjarða				20.657
				33.972

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Sveitarsjóður

	Fasteignir	Lóðir og lendum	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	2.777.443	1.322.314	801.226	575.097	5.476.081
Endurmat lóða og lendum	0	107.426	0	0	107.426
Eignfært á árinu	152.088	71.731	274.658	28.679	527.156
Selt og aflagt á árinu	(18.240)	(50.477)	0	(99.464)	(168.181)
Staða í árslok	2.911.291	1.450.994	1.075.884	504.313	5.942.481
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.132.661	25.165	58.482	393.316	1.609.624
Afskrift ársins	68.235	1.787	26.681	37.148	133.852
Endurmat ofanflóðavarna	0	(23.353)	0	0	(23.353)
Selt og aflagt á árinu	(16.416)	0	0	(98.758)	(115.174)
Staða í árslok	1.184.480	3.599	85.163	331.707	1.604.949
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	1.644.782	1.297.149	742.744	181.782	3.866.457
Bókfært verð í árslok	1.726.811	1.447.395	990.721	172.606	4.337.533
Afskriftarhlutföll	2,5%	0%	3,33%	10-20%	

Samantekinn ársreikningur

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og gatnakerfi	Hafnar-mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	5.940.646	1.544.244	733.275	668.611	8.886.776
Endurmat lóða og lendum	135.123	0	0	2.251	137.375
Eignfært á árinu	228.384	276.036	53.276	33.645	591.342
Selt og aflagt á árinu	(77.853)	0	0	(101.711)	(179.564)
Staða í árslok	6.226.301	1.820.280	786.551	602.796	9.435.928
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.821.724	308.963	204.881	457.597	2.793.165
Afskrift ársins	110.527	45.472	18.176	41.031	215.206
Endurmat ofanflóðavarna	(23.353)	0	0	0	(23.353)
Selt og aflagt á árinu	(16.416)	0	0	(100.819)	(117.235)
Staða í árslok	1.892.482	354.435	223.058	397.808	2.867.783
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	4.118.922	1.235.281	528.394	211.014	6.093.610
Bókfært verð í árslok	4.333.819	1.465.845	563.493	204.988	6.568.145
Afskriftarhlutföll	2-4%	2-4%	2%	2,5-20%	

Lóðir og lendum eru metnar til gangvirðis út frá endurmati samkvæmt álit 2.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingamat eigna sveitarfélagsins skiptist þannig:

Sveitarsjóður	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Skólahúsnaði	532.750	2.510.569	708.674
Leikskólahúsnaði	136.395	661.102	201.770
Íþróttamannvirki	540.130	3.115.680	422.675
Annað húsnaði	551.062	2.164.259	1.841.086
	<u>1.760.337</u>	<u>8.451.610</u>	<u>3.174.206</u>
B-hluta stofnanir			
Félagslegar íbúðir	1.137.300	2.922.332	584.030
Hjúkrunarheimili og þjónustufbúðir	678.524	2.147.001	536.639
Hafnarsjóður	28.955	118.081	5.175
Aðrar eignir	101.109	432.461	46.759
	<u>1.945.888</u>	<u>5.619.875</u>	<u>1.172.603</u>
Samantekinn ársreikningur	<u>3.706.225</u>	<u>14.071.485</u>	<u>4.346.809</u>

Váttryggingarverðmæti í Ísafjarðarbæ samkvæmt lögum um Viðlagatrygginu Íslands nemur um 8.768 milljónum króna. Váttryggingin nær til beins tjóns af völdum náttúruhamfara vegna eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Váttryggingafjárhæðin er 5.051 milljón króna vegna hafna, 1.890 milljónir króna vegna fráveita, 1.557 milljónir króna vegna vatnsveita og 269 milljónir króna vegna skíðalyfta í Tungudal.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

Fjárfesting sveitasjóður:	2018	2018	Frávik
	Rauntölur	Áætlun	
Eignasjóður	512.353	645.600	(133.247)
Þjónustumiðstöð	7.683	6.600	1.083
	<u>520.036</u>	<u>652.200</u>	<u>(132.164)</u>
Fjárfesting B-hluta stofnanir:			
Hafnarsjóður	57.142	59.800	(2.658)
Vatnsveita	627	8.600	(7.973)
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	(3.748)	0	(3.748)
Fráveita	752	8.600	(7.848)
Funi	800	800	0
Byggðasafn Vestfjarða	(822)	0	(822)
	<u>54.750</u>	<u>77.800</u>	<u>(23.050)</u>
Samantekinn ársreikningur	<u>574.786</u>	<u>730.000</u>	<u>(155.214)</u>
Fjárfesting Eignasjóður, málaflokkayfirlit			
Snjóflóðavarnir	54.601	63.300	(8.699)
Þjónustuhús Tjaldsvæði ÞI	9.584	10.000	(416)
Skólamannvirki	107.071	102.000	5.071
Íþróttamannvirki	35.433	30.000	5.433
Tækjakaup	18.376	16.000	2.376
Gatnagerð og stígar	274.658	248.160	26.498
Hverfisráð	11.121	12.000	(879)
Uppbyggingasamningar	8.009	10.260	(2.251)
Annað	(6.500)	153.880	(160.380)
	<u>512.353</u>	<u>645.600</u>	<u>(133.247)</u>

Skýringar

9. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Sveitarsjóður	Samantekinn árs.
			Bókfært verð	Bókfært verð
Eignarhlutar í dótturfélögum:				
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	100%	127.571	127.571	0
